

Ed.

185. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 61, 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Þótt nefndin telji flestar þær breytingar, sem hjer er farið fram á, lítt til bóta, þá þykir henni ekki rjett, að bæjarstjórn Seyðisfjarðar, sem um þær hefir beðið, sje neitað um þær, að einni undantekinni, 3. gr.

Í ofangreindum lögum er heimilað að leggja alt að 2 % fasteignaskatt á virðingarverð lóða í kaupstaðnum. Hjer þykir nefndinni svo hátt farið með skattinn, að ekki sjeu tiltök að heimila að setja hann hærra, og ræður því til að fella burtu 3. gr. frumvarpsins.

Að vísu telur nefndin allathugavert, að heimilað sje að leggja útsvar á sildarkaup og fiskkaup, þótt ekki sje rekið neinn ákveðinn tíma, en telur þó varla lært að neita um þetta nú, með því að öðrum kaupslöðum hefir verið veitt samskonar heimild að því er sildarkaup snertir, sbr. lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 19. gr., og lög nr. 25, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin falli burtu.

Alþingi, 20. mars 1923.

Jón Magnússon,
form. og frsm.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari.

S. H. Kvaran.